

232. fundur

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps 26. janúar 2005. Aukafundur.

Fundurinn hófst kl. 18:30. Mættir allir aðalmenn nema Björk Bárðardóttir. Í hennar stað mættur Guðmundur Ólafsson. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti las upp dagskrá. Var síðan gengið til dagskrár. Þetta gerðist:

- 1) Fyrirhuguð landskipti jarðarinnar Seljaness í Reykhólahreppi, erindi frá landbúnaðarráðuneytinu. Farið er fram á umsögn hreppsnefndar. Einnig er óskað eftir að framlagður uppdráttur verði undirritaður af skipulagsyfirvöldum hreppsins og sendur til baka vegna þinglýsingar á landskiptum.

Málinu frestað til næsta fundar.
- 2) Niðurstaða félagsmálaráðuneytis varðandi málsmeðferð í Höllustaðamáli, afrit af bréfi ráðuneytis til oddvita Reykhólahrepps. Lagt fram til kynningar.
- 3) Fyrirhugaður fundur á Ísafirði 2. febrúar 2005 með iðnaðarráðherra og fleirum um “Vaxtarsamning Vestfjarða.” Fundarboð. Sveitarstjóra falið að sækja fundinn.
- 4) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 19. janúar 2005. Þar sem um er að ræða málefni einstaklings var fundi lokað og afgreiðsla málsins færð í trúnaðarmálabók hreppsnefndar.
- 5) Fjárhagsáætlun 2005, síðari umræða. Fjárhagsáætlun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:40

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)